

Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun
hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Fiskeldi Austfjarða hf.
Starfsstöð: Stöðvarfjörður
Kennitala: 520412-0930
Aðsetur: Nesbala 122
170 Seltjarnarnes
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1133
Leyfið gildir til: x.x.2037

Starfsemi:

AE 1 - Lax / Salmo Salar - ófrjór

Í gildi frá:

x.x.2021

Kynslóðaskipt sjókvíeldi. Hámarkslífmassi er 7.000 tonn. Ófrjór laxastofn: StofnFiskur.
Sjókvíeldissvæði A (Stöðvarfjörður).

Svæði

Stöðvarfjörður A

Punktur

1. 64° 49.698'N 13° 53.983'W, 2. 64° 49.152'N 13° 51.630'W,
3. 64° 48.949'N 13° 51.870'W, 4. 64° 49.495'N 13° 54.222'W,

Eldi ófrjórra laxa (geldstofn) er bundið því skilyrði að aðferðir, sem notaðar eru til að hindra að eldisfiskur
framleiði frjóar kynfrumur, uppfylli ákvæði laga nr. 55/2013 og reglugerðar nr. 300/2018 um velferð
lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum.

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirbyggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli. Heimilt er að
endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati
Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi
lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíeldissvæðis.
Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum
leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg
áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af
umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðaefti hjá framleiðanda hroga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefna af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Vigdís Sigurðardóttir, sérfræðingur fiskeldis